

I2.tbl.

12. apr. 2022

29 árg.

Hlaupastelpan

Útgefandi og ábyrgðarmaður: Dagný Pétursdóttir-hlaupastelpan@isl.is - s: 8953386



SUMAR 2022

Sumarstörf í Kröflu, heitasta staðnum í sumar

Hefur þú lokið framhaldsskóla, ert núna í öðru námi eða á milli anna og leitar að sumarstarfi?

Við hjá Landsvirkjun leitum að jákvæðum og úrræðagóðum einstaklingum sem hafa áhuga á að starfa í gestastofunni í Kröflu í sumar. Æskilegt er að hafa reynslu af þjónustustörfum og þekkingu á svæðinu og sýna sjálfstæði, sköpun og frumkvæði í starfi.

Umsóknarfrestur er til og með 24. apríl

Fyrirspurnir skulu berast til
sumarstarf@landsvirkjun.is

Sótt er um starfið á vef Landsvirkjunar
landsvirkjun.is/laus-storf

Halló ungmenni!!!



Ungmennaráð Skútustaðahrepps býður ungmennum á aldrinum 13 til 22 ára á opið hús í Íþróttamiðstöð Skútustaðahrepps fimmtudaginn 14. apríl, skírdag.

Það styttest í að við verðum eitt sameinað sveitarfélag og viljum við að því tilefni bjóða ykkur á opið hús og skapa tækifæri fyrir ungmenni á svæðinu til að hittast, kynnast hvert öðru og hafa gaman!

Ekki láta þig vanta!

Dagskrá:

13:00 Fyrirlestur - Baldur Sigurðsson talar meðal annars um afreks-íþróttir, heilbrigðan lífsstíl og hvernig er að alast upp í fámennu sveitarfélagi.

13:30 Opið hús í ÍMS- Margt í boði þar sem allir geta fundið eitthvað við sitt hæfi, klifur, karfa, píla, þrautabraut, pool og margt fleira. Einnig verður hægt að kíkja í félagsmiðstöðina í kjallaranum.

15:00 Jarðböðin bjóða öllum ungmennum sem mæta á opna húsið í það að lokinni dagskrá – Miðar á staðnum.

Við hlökkum til að sjá ykkur !

Aðalfundur Félags eldri borgara í Þingeyjarsveit.

Aðalfundur F.E.B.Þ. verður haldinn
í Dalakofanum þriðjudaginn 19. apríl kl. 14.00.

Venjuleg aðalfundarstörf
Kynning á fyrirhugaðri sumarferð.

Kaffveitingar í boði félagsins.

Stjórnin.

Aðalfundur Kvenfélags Ljósvefninga

verður haldinn í Húsmæðraskólanum á Laugum
þriðjudagskvöldið 19. apríl kl. 20:00.

Dagskrá :

Skýrsla stjórnar
Reikningar félagsins
Lagabreytingar
Fyrirkomulag veitingasölu
Önnur mál

Nýjar konur ávallt velkomnar í félagið.

Stjórnin



Menningarverðlaun

Velferðar- og menningarmálanefnd auglýsir eftir tilnefningum og ábendingum vegna menningarverðlauna Skútustaðahrepps 2022. Einstaklingar, hópar eða félagasamtök geta hlotið nafnbótina og tilnefningu skal gjarnan fylgja stutt greinargerð um viðkomandi. Þar skal fara yfir starf, viðburði og/ eða þátt viðkomandi í að auðga menningar- og félagslíf í sveitarfélaginu og vera öðrum fyrirmynd.


Rétt til að tilnefna hafa öll félög og íbúar í Skútustaðahreppi. Reglur um menningarverðlaun má finna inni á heimasíðu Skútustaðahrepps (undir Eyðublöð> Reglur um menningarverðlaun).

Tilnefningar skal senda á netfangið tillaga@skutustadahreppur.is fyrir 1. maí n.k. Verðlaunin verða afhent á hátíðarhöldunum þann 17. júní n.k.



Á hverju sumri stendur Þekkingarnetið fyrir rannsóknarverkefnum sem unnin eru í samstarfi starfsmanna Þekkingarnetsins og háskólanema.

Við hvetjum áhugasama til að hafa samband við Lilju á lilja@hac.is eða Helenu á helena@hac.is fyrir 20. apríl



Vertu með okkur í sumar!



Þekkingarnet Píngeyinga
Hafnarstétt 1-5
464-5100 - hac.is



Auglýsing um skipulagsmál í Þingeyjarsveit Skipulags- og matslýsing vegna breytingar á [Aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010 - 2022.](#)

Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar samþykkti þann 7. apríl 2022 að kynna skipulags- og matslýsingu vegna breytingar á Aðal-
skipulagi Þingeyjarsveitar 2010 – 2022 í samræmi við 30. gr. skipulags-
laga nr. 123/2010. Fyrirhuguð breyting á aðalskipulagi felur í sér skil-
greiningu frístundabyggðar í landi Skóga sé skilgreint sem íbúðar-
byggð. Gert er ráð fyrir því að fjöldi lóða haldist óbreyttur frá því sem
núverandi deiliskipulag kveður á um.

Skipulags- og matslýsingin verður aðgengileg á heimasíðu sveita-
félagsins, www.thingeyjarsveit.is og á skrifstofu sveitarfélagsins. Skipu-
lags- og matslýsingin er auglýst með umsagnarfresti frá og með 11.
apríl til og með 29. apríl 2022. Umsagnir við lýsinguna skulu berast
skipulagsfulltrúa á netfangið atli@skutustadahreppur.is

f.h. Þingeyjarsveitar
Atli Steinn Sveinbjörnsson, skipulagsfulltrúi



Aðalfundur Hjálparveitar Skáta í Aðaldal

verður haldinn 26. apríl næstkomandi kl 20:00 í
húsi sveitarinnar lðjugarði 1 (rétt norðan við Ýdali).

Almenn aðalfundarstörf. Nýliðar velkomnir.

Stjórnin.



SUMARSTARF

Pingeyjarsveit auglýsir 100% sumarstarf laust til umsóknar. Starfstímabilið er 15 vikur, frá 9. maí til og með 13. ágúst.

Starfssvið:

- Í starfinu felst skipulagning og stýring á vinnuskóla við ýmis garðyrkjustörf o.fl.
 - Leiðsögn, hópefli og hvatning til góðra verka
 - Tólmstunda- og forvarnarstarf að hluta
 - Önnur þjónusta og verkefni sem vinnuskólinn veitir hverju sinni
- Reynsla og hæfniskröfur:
- Umsækjendur skulu vera 18 ára (fædd 2003 eða fyrr)
 - Góð þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum
 - Góð fyrirmynd og heilbrigður lífstíll
 - Stundvísi og samvissusemi

Umsóknir ásamt ferilskrá skulu sendar á Kjarna 650 Laugar eða í gegnum netfangið hermann@thingeyjarsveit.is
Laun samkvæmt kjarasamningi Framsýnar og launanefnd sveitarfélaga.
Umsóknarfestur er til 20. apríl nk.

Nánari upplýsingar veitir Hermann Pétursson
hermann@thingeyjarsveit.is sími 8583322

Kirkjuathafnir um páska í Mývatnssveit



15.apríl föstudagurinn langi

Tíðarsöngvar sungnir í Reykjahlíðarkirkju klukkan 08:45 við upphaf Friðargöngu. Passíúsálmar Hallgríms Péturssonar lesnir í Skútustaðakirkju yfir daginn. Tilvalið að setjast inn og hlusta.

17.apríl páskadagur. Gleðilega hátíð!

Hátíðaguðsþjónusta í Skútustaðakirkju kl.14:00

Verið velkomin!
Sr.Örnólfur

Í ár ætlum við að fara aftur af stað með göngu umhverfis Mývatnen margir hafa lagt leið sína í píslagönguna allt frá árinu 1993 þegar nokkrir vinir ákváðu að föstudagurinn langi væri eini dagurinn á árinu sem væri nógu langur til að ganga hringinn í kringum vatnið.

Í ár verður gangan tileinkuð friði á jörð.

Gangan er 36 kílómetrar og fer hver og einn á sínum hraða, gangandi, hlaupandi eða hjólandi.

Dagskrá:

- 08:30 – Mæting í Reykjahlíðarkirkju þar sem fer fram skráning í gönguna í gestabók og séra Örnólfur sér um morguntíðir.
- 09:00 – Friðarganga hefst. Örn á Grímsstöðum og Jói frá Álfta-gerði sem fóru hringinn fyrst 1993 mæta og starta göngunni.


Á leiðinni verður hægt að koma við í Vagnbrekku sem er 12 km og nota salerni og fylla vatnsbrúsa. Skútustaðakirkja verður opin þar sem hægt verður að hvíla lúin bein og hlusta á séra Örnólf lesa Passíusálmana. Í Skjólbrekku verður hægt að komast á salerni og kaupa súkkulaði og kaffi sem kvenfélagið mun standa fyrir. Þá eru 16 km eftir í Reykjahlíð og hægt að komast á salerni á Geiteyjarströnd 1. Björgunarsveitin Stefán mun vera til taks ef á þarf að halda.

Við tökum á móti frjálsum framlögum og mun söfnunarfé renna óskipt til flóttafólks frá Úkraínu.

Úkraínureikningur:

1110-05-250359

Kt. 600269-1279



Hvetjum alla til að styrkja gott málefni.

Verið hjartanlega velkomin!

Aðalfundur Kvenfélags Fnjóskdæla
vegna áraanna 2020 og 2021

verður haldinn í Gamla Barnaskólanum í Skógum
mánudagskvöldið 25. apríl 2022 kl. 20:00

Nýjar konur velkomnar

Dagskrá:
Venjuleg aðalfundarstörf.

Stjórnin

Aðalfundur Búnaðarfélags Aðaldæla

Verður haldinn að Ýdölum
miðvikudaginn 20. apríl kl.20:00

Dagskrá venjuleg aðalfundarstörf

Stjórnin